

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 26 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn miðvikud. 28. ágúst 2019 kl.12:00 á Slippnum við Standveg.

Mættir eru: Arnar Pétursson, Guðlaugur Friðþórsson, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Páll Þór Guðmundsson, Agnes Einarsdóttir, Birna Vídó Þórsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti með stuttum fyrirvara. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Byrjað var á að samþykkja og undirrita síðustu fundargerð. Samþykkt samhljóða.

Á dagskrá fundarins voru þrjú dagskrárliðir:

1. Siglingar síðustu daga –fyrsta haustlægðin.

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um ástæður þess að ekki var siglt til Landeyjahafnar í nokkrum tilvikum þegar það leit út fyrir að vera fært þangað. Annars vegar losnuðu tvö þil í höfninni sl. sunnudag og þurfti að kanna hvar þau lægju áður en hægt væri að sigla inni í höfnina og hins vegar kom í ljós að stýribúnaður Herjólfss IV þarfnast fínstillingar. Unnið er að því að lagfæra búnaðinn. Framkvæmdastjóri var ánægður með skjót viðbrögð varðandi þilin, kafari var sendur við fyrsta tækifæri til að kanna aðstæður.

Niðurstaða: Tryggja þarf að upplýsingagjöf varðandi siglingar sé góð og tilkynningar verði settar inn með góðum fyrirvara eins og hægt er miðað við aðstæður

2. Siglingaáætlun –fastar ferðir.

Rætt var um tímasetningu á öruggum ferðum þegar ekki er fært til Landeyjahafnar og siglt er til Þorlákshafnar. Stjórnarformaður lagði fram tillögu um að öruggar ferðir verði frá Vestmannaeyjum kl. 07:00 og 17:00 og frá Þorlákshöfn kl. 10:45 og 20:45 í samræmi við gildandi áætlun

Niðurstaða: Samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóra falið að koma áætlun í framkvæmd þar sem samræma þarf strætóferðir og fl.við nýja áætlun.

3. Önnur mál:

Rætt um opnun á bókunarkerfi fram í tímann. Kerfið á að vera opið nú þegar fyrir næsta sumar með fyrirvara um verðhækkanir. Opnun fyrir fótbóltamótin tvö og Þjóðhátíð verður auglýst þegar nær dregur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.13:00.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir, ritari stjórnar.